

Skólaráðsfundur 21. janúar 2022

Mættir: Þuríður, Guðrún Helga, Fiona, Líney Björg og Hrefna

Fjarverandi: Erla, Svanhildur, Björg Sigrún, Sölvi og Júlía

1. Fjárhagsstaða skólans við upphaf skólaársins og rekstrarstaðan síðasta ár. Þuríður sagði frá því að skólinn stendur mjög vel og er ekki með neinn skuldahala né vannýtt fjármagn. Við höfum nýtt vel það fjármagn sem okkur er úthlutað.
2. Rekstraráætlun og nýtt líkan lítillaga kynnt. Markmiðið með nýja líkaninu sem hefur verið í smíðum í nokkur ár er að ná fram bestun bæði rekstrarlega og faglega og tryggja að starf grunnskóla sé samkvæmt fjárheimildum. Þuríður sýndi tvær glærur úr kynningu sviðsstjóra SFS þar sem sýnt er hvernig tímaúthlutun er miðuð við nemendafjölda. Athugasemd kom um viðmið um fjölda nemenda í unglingabekkjum en stjórnendur í skólum borgarinnar hafa líka gert athugasemd við það en niðurstaðan var samt þessi. Hámarksfjöldi nemenda í bekk í 8.-10. bekk er 27 sem mörgum finnst mikill fjöldi og sjá annmarka við að koma til móts við alla nemendur með slíkan fjölda í bekk. Víkurskóli stendur vel og nýja líkanið breytir ekki stöðunni nema til hins betra segir Þuríður en hún vinnur þétt með fjármálaráðgjafa um fjármál skólans.
3. Covid – Þuríður sagði frá stöðunni á smitum og sóttkví í skólanum en við fengum okkar fyrsta smit til að rekja föstudaginn 20. janúar og hefur gengið vel að rekja.
4. Önnur mál
 - Nemendur eru ánægðir með að mega vera inni á skónum og það gengur vel að ganga snyrtilega um skólann. Allir fundarmenn lýstu yfir ánægðu sinni yfir því að ákveðið hefur verið að halda áfram að leyfa skó innandyrna.
 - Nemendum fannst óþægilegt í upphafi skóla að vita ekki hvernig skóladagurinn yrði en mikið var um eyður. Þuríður sagði að nú væru stjórnendur að reyna að færa til og flytja tíma til að mynda meiri samfellu í stundaskrá en það hefur gengið misvel eftir því sem kennurum og starfsfólki með covid fjölgar.
 - Bent var að ekki væri alltaf samræmi á milli Google classroom og Mentor og því vantaði foreldra oft upplýsingar um hvaða verkefni ætti að skila. Þuríður ætla að minna kennara á að skrá alltaf inn á Mentor líka.
 - Foreldrafélagið vill gefa skólanum einhverja gjöf og var ákveðið að ræða við nemendur og kennara í skapandi greinum s.s. margmiðlun hvort okkur vantaði eitthvað inn í nýsköpunarstofuna. Þuríður ræðir það mál við margmiðlunarkennara
 - Fyrirspurn kom um skápana og sagði Þuríður að það væri komið á meira skrið, hún hefði fundað með arkitektum og fasteignastjóra í janúar og ýtt enn frekar á málið. Nú liggur fyrir að hanna nýja hljóðvist í íþróttahúsinu en þar hafði loftplötur verið komnar á síðasta snúning.
 - Nemendur í 9. bekk í fyrra höfðu sent inn tillögur í Hverfaráðið um að setja aparólu við Víkurskóla og mun það verða að veruleika í sumar. Allir fundarmenn voru ánægðir með það.

Fundaritari var Þuríður og var fundi var slitið 9:50.